


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2002

Varðar: 257. mál "Póstþjónusta – EES reglur"
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/2002

Hjálögð er umsögn Íslandspósts hf. um frumvarp til laga um breytingu á póstlögum nr. 19/2002.

Virðingarfyllt,

Einar Þorsteinsson, forstjóri
Íslandspóstur hf.

257. mál “Póstþjónusta – EES reglur”

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu

Umsögn Íslandspósts hf. um frumvarpið:

1. gr.

Að undanskildum nýjum þyngdar- og verðtakmörkunum, er samhljóða skilgreining á einkarétti á pósthjónustu í 1. tl. 7. gr. laga nr. 19/2002 og 1 gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 19/2002. Í athugasemdum við frumvarpið (2. mgr.) kemur fram að “þjónusta innan einkaréttar skal takmörkuð við móttöku eða söfnun, flokkun, flutning og skil á póstsendingum innanlands og póstsendingum sem berast til landsins, hvort sem um er að ræða hraðsendingar eða ekki, innan þyngdar- og verðtakmarkana.” Í skýringu á 7. gr. í athugasemdum með lögum nr. 19/2002 er hins vegar tekið fram að “ekki er talið nauðsynlegt að heimila samgönguráðherra að setja reglugerð um takmörkun eða afnám einkaréttar póstsendinga til og frá útlöndum þar eð ákvæði þessu aðlútandi eru í meginatriðum hin sömu og fyrir innlendar póstsendingar, sbr. 1. tl.” Af greinargerð með frumvarpinu ályktar Íslandspóstur því að með frumvarpinu sé einnig verið að fella alfarið niður einkarétt á póstsendingum til útlanda, þó orðalag sjálfrar greinarinnar gefi að skilja að einungis sé verið að færa niður þyngdar- og verðtakmarkanir einkaréttar. Ennfremur gefur skýr tilvísun umsagnar um frumvarpið í tilskipun Evrópusambandsins um pósthjónustu nr. 2002/39/EC þetta til kynna, þar sem í tilskipuninni er einkaréttur miðaður við “domestic correspondence” og “incoming cross-border correspondence” (skv. 1. gr. 1. tl. 1. mgr.) en í frumvarpinu er ekki vísað til heimildar sömu tilskipunar til að setja póst til útlanda undir einkarétt innan tilgreindra þyngdar- og verðtakmarkana (skv. 1. gr. 1. tl., 4. mgr.).

2. gr.

5. mgr. um sérstaka gjaldskrá: Íslandspóstur hf. gerir ekki efnislega athugasemdir við þessa málsg. Þess má geta að Íslandspóstur veitir afslátt af gjaldskrá fyrir magnpóst og hafa allir viðskiptavinir aðgang að sömu kjörum fyrir sama magn. Afsláttarkjörin eru birt í viðskiptaskilmálum Íslandspósts hf.